

Nd.

766. Nefndarálit

[165. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á einum fundi. Engin skilríki um málið unfram frv. sjálfst lágu fyrir nefndinni, hvorki um ástæður fyrir því, að byggingarkostnaður þjóðleikhússins hefur farið svo langt fram úr áætlun sem raun er á, né um það, hvaða aðilum þjóðleikhúsið skuldar.

Ég get ekki mælt með samþykkt þessa frv., en legg til, að það verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að lausaskuldum þjóðleikhússins verði breytt í fast lán samkvæmt heimild í lögum nr. 53 1949 og að ríkisstjórnin láti jafnframt fyrir næsta reglulegt Alþingi endurskoða og samræma ákvæði laga um skemmtanaskatt, telur deildin ekki rétt að samþykkja þetta frumvarp og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 15. maí 1950.

Páll Þorsteinsson.